

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

Pistill formanns

Góðir lesendur!

Fyrst er að þakka félögum í veiðifélaginu okkar það traust að kjósa undirritaðan sem formann og vonast ég til að standa undir svo viðamiklu forsæti. Áður en það kom til var ljóst að gott stjórnarfolk vinnur verkin. Félagið er í góðum rekstri og fjárhagur þess traustur. Samt er vitað að nokkur núningur hefur verið innan félagsins og það verður eitt fyrsta verkið að vinna fyrir nýjan formann að ræða við félagsmenn.



Veiðimaður að þreyta vænan lax sumarið 2018 við Fossárklöpp í Hlíðinni sem er vaxandi veiðistaður. Ljós. Snævarr Örn Georgsson.

Fyrsta embættisverk nýkjörins formanns var að fara á aðalfund Landsambands veiðifélaga sem var að Laugarbakka í Miðfirði 7.-8. júní s.l. Það sem helst brennur á veiðifélögum á landsvísi er aukningin í laxeldi og hvað hefur sloppið út í náttúruna af frjóum eldisfiski sem fer síðan í veiðiár. Það getur valdið óbætanlegu tjóni á lífríki ána og snarlækkað leiguverð. Einnig var fjalla um hvernig malartekja í straumvatni veiðiáa veldur oft óbætanlegu tjóni á búsvæði í klakeyrum.

Á næstu misserum þurfum við að fara yfir hvað við getum gert til að fjölga veiðistöðum og bæta enn frekar aðgengi að ánni. Sérstaklega þarf að huga að hliðum á girðingum því að eins og einn leiðsögumaður sagði: „Veiðimenn í 160.000 króna vöðlum koma ekki nærri gaddavir og grófum nethliðum sem erfitt er að opna.“ Við veiðiréttarhafar verðum að passa umgengni okkar nærri ánni svo veiðimenn taki ekki myndir af sér með fallega stórlaxa en rúlluplast eða ónýtar vélar í bakgrunni. Slíkt hjálpar ekki til við að auka arðsemi árinna.

Yfirfallið brennur á öllum veiðmönnum og er stærsta skerðingin við sölu veiðileyfa í Jöklu. Þá finnst mörgum veiðisumarið hjá okkur búið þó að áfram sé hægt að veiða í þveránum. Í apríllok leit ekki vel út en eftir kalt vor er Háslónið komið á sama stað og það var sl. ár á þessum tíma. Verið er að koma á föstum samráðsfundum við Landsvirkjun um vatnsstöðu Háslóns.

Stærsta verkefnið á næstu árum er að gera búsvæðamat en það mun vega 20% í arðskránni þegar hún verður endurskoðuð árið 2025. Viðræður eru í gangi við Landsvirkjun og Hafrannsóknastofnun um að taka búsvæða- og botngerðarmat inn í vöktun og rannsóknir á lífríki árinna.

Til þess að glæða áhuga hér heima fyrir á fluguveiði og sá fræjum hjá framtíðar leiðsögumönnum stóð félagið fyrir flugukastnámskeið í Brúarási 11. júní. Þar mættu 11 manns sem er allgott og kennari var Björgvin Þór eigandi Veiðiflugunnar á Reyðarfirði. Félagið stendur síðan fyrir fjölskyldu- og tiltektardegi nk. sunnudag, 23. júní sem um er fjallað hér á öðrum stað. Vonandi geta sem flestir gefið sér tíma á þeim degi til að gera veiðiana okkar sem best í stakk búna til að taka á móti fyrstu veiðimönnum sumarsins sem mæta á bakkann 27. júní.

Þorvaldur P. Hjarðar, formaður stjórnar

Frá aðalfundi veiðifélagsins 2019

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal fyrir árið 2019 var haldinn á Skjöldólfstöðum 13. apríl sl. Á fundinum voru áhugaverð erindi frá Presti Elliðasyni leigutaka, Inga Rúnari Jónssyni á Hafrannsóknastofnun og Snævarri Georgssyni veiðimanni og leiðsögumanni við ána. Fluttu þeir erindi í upphafi fundarins áður en gengið var til hefðbundinna aðalfundarstarfa. Fyrir fundinum lá m.a. ákvörðun um arðgreiðslur 2019 samkvæmt samþykktari arðskrá.

Aðalfundinn sóttu 22 manns að gestum meðtöldum. Fundarmenn fóru með atkvæðisrétt 42 veiðiréttarhafa af 74 og þar af voru skrifleg umboð 29.

Ársreikningur 2018 var samþykktur en helstu niðurstöðutölur hans eru:

Tekjur	2.314.070 kr.
Gjöld	2.261.491 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>96.000 kr.</u>
Rekstrarafgangur	148.579 kr.
Arðsúthlutun af leigu	1.088.442 kr.
Eigið fé í árslok	5.833.862 kr.

Kosið var um formann en Aðalsteinn I. Jónsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs eftir sex ár í formannsstöli. Þorvaldur P. Hjarðar frá Hjarðarhaga var einn í framboði og því sjálfkjörinn. Varamenn til eins árs voru kosnir: Þorsteinn Gústafsson (1.), Benedikt Ólason (2.) og Agnar Benediktsson (3.). Litlar breytingar urðu á nefndaskipan en lesa má um hvernig þær eru skipaðar aftar í fréttabréfinu.

Stjórn gerði grein fyrir tillögum sínum um arðgreiðslur sem sendar voru út með fundarboði. Annars vegar að greiða út 50% af höfuðstól félagsins í júní sem arðgreiðslu þar sem könnun stjórnar hefði leitt í ljós að u.þ.b. helmingurinn af eigin fé ætti rætur í leigutekjum. Hinn helmingurinn er tilkominn vegna styrkja og verður áfram nýttur til að byggja upp innviði veiðisvæðisins. Var sú tillaga samþykkt og einnig var samþykkt að greiða 60% af leigutekjum 2019 út í desember líkt og fyrir árið 2018 þegar fyrstu arðgreiðslur voru sendar út.

Fundargerð aðalfundarins er að finna á heimasíðu félagsins, www.jokla.org.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2007-2018. Tafla úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar.

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralin smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	119	49	385	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
2016	372	20	82	100	574	33.650		49.000
2017	250	29	37	34	350	28.200	52.400	61.050
2018	410	73	31	14	528	23.000		105.600
Alls	2774	672	915	549	4910	564.950	221.500	380.350

Áríðandi orð um arðgreiðslur frá gjaldkera

Framkvæmd fyrstu arðgreiðslu í desember sl. gekk ágætlega. Til úthlutunar voru 60% af leigutekjum ársins, samtals 1.088.442 kr. Arðgreiðslurnar gengu að mestu út en nokkrir landeigendur hafa ekki enn skilað inn umbeðnum upplýsingum og eru þeir vinsamlega beðnir um að gera það hið fyrsta.

Veiðifélagið þarf að standa skil á upplýsingum um arðgreiðslur gagnvart ríkisskattstjóra og eru þær skráðar á landeigendur þó svo að þeir taki ekki við þeim. Uppsafnaður arður er geymdur á safnreikningi veiðifélagsins þar til rétthafi geri grein fyrir sér og skilar inn viðeigandi gögnum.

Undirrituð eyðublöð frá landeigendum

Það skal áréttað að þar sem jarðir eru skráðar í eigu tveggja eða fleiri einstaklinga þarf að liggja fyrir skjal um hvernig arðgreiðslum skuli háttað og það undirritað af öllum landeigendum. Þetta á líka við um hjón og sambýlisfólk. Með fréttabréfinu fylgir eyðublað til þess að fylla út og eru félagsmenn beðnir um að koma eyðublaðinu undirrituðu til gjaldkera, Höllu Eiríksdóttur, hið fyrsta, í pósti eða skönnuðu í tölvupósti. Hægt er að sækja samsvarandi eyðublað á heimasíðu félagsins ef þarf að bæta við reitum vegna mikils fjölda landeigenda.

Það er mikilvægt að í gögnum félagsins séu undirrituð skjöl frá landeigendum um ráðstöfun arðgreiðslna til þess að öllum reglum sé fylgt við úthlutun. Tölvupóstar eða upplýsingar veittar gegnum síma teljast ekki fullnægjandi nema þá aðeins að einn eigandi sé að jörðinni.

Arðgreiðsla í júní

Samþykkt var á aðalfundi í vor að greiða út 50% af höfuðstól félagsins í arð eða þann hluta af eigin fé sem á uppruna í leigutekjum af ánni. Samtals er um að ræða 2.916.931 kr. til úthlutunar sem arðgreiðslu í júní. Það þýðir, m.v. 8000 einingar í arðskrá, að greiðslan verður 364,62 kr. á einingu. Félagsmenn geta séð hvað kemur í hlut hvers með því að margfalda þá krónutölu með einingafjölda sinnar jarðar. Arðskráin hefur verið send út a.m.k. í tvígang en er einnig aðgengileg á heimasíðu félagsins, jokla.org.

Arðgreiðsla í desember

Á aðalfundi í apríl var ennfremur samþykkt að úthluta 60% af leigutekjum ársins líkt og gert var í fyrra. Það liggur ekki fyrir hver upphæðin verður þar sem leigutekjur tengjast yfirfalli og þeim tíma sem áin er veiðanleg. En vonandi verður hún ekki lægri enn á síðasta ári. Seinni greiðsla ársins verður greidd út desember.



Ódýr veiðileyfi fyrir veiðiréttarhafa

Í leigusamningi veiðifélagsins við Strengi er ákvæði um það að veiðiréttarhafar skuli eiga þess kost að kaupa veiðileyfi á veiðisvæði árinna á verði sem nemur að hámarki 10% af markaðsverði. Leigutaka er heimilt að setja þá takmörkun á þessi leyfi að þau séu ekki seld með meira en 3ja daga fyrirvara og fjöldi stangardaga fyrir veiðiréttarhafa sem fara með eitt atkvæði sé ekki meira en fjórir stangardagar.

Það er ástæða til að vekja sérstaklega athygli á þessu og hvetja menn til að notfæra sér þetta ákvæði til að veiða í Jöklu. Ekki síst til að kveikja áhuga yngri kynslóða við ána á stangveiði, t.a.m. í því skyni að ala upp leiðsögumenn framtíðarinnar.

Stjórn og nefndir Veidifélags Jöklu

Stjórn:

Porvaldur P. Hjarðar, Hjarðarhaga
formaður. hjardar@simnet.is
s. 866-3237

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
Bakka, ritari. skulibg@simnet.is
s. 860-2985

Halla Eiríksdóttir, Hákonarst. 3,
gjaldkeri. hallahakonar@gmail.com
s. 865-0026.

Lárus Brynjar Dvalinsson,
Vörðubrún. allid@live.com
s. 860-2162

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
blondub@simnet.is
s. 895-8929

Varamenn:

Porsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Agnar Benediktsson, Hvanná II

Skoðunarmenn:

Arnór Benediktsson
Snæbjörn Ólason
Benedikt Arnórsson, til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.
Porsteinn P. Gústafss., Geirast. 2
Varamenn:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Bragi St. Björgvinsson, Eiríksst.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs: Skúli Björn Gunnarss.

MUNUM að rúllubaggaplast
er bæði skaðlegt náttúrunni
og ímynd veiðiár. **RÆKTUM**
ána okkar líka með góðri
umgengni og hirðusemi!

Fréttir úr starfi félagsins

Fjölskyldu- og tiltektardagur sunnud. 23. júní

Stjórn veiðifélagsins hefur í samráði við leigutaka ákveðið að efna til fjölskyldu- og tiltektardags sunnudaginn 23. júní. Veiðiréttarhafar eru hvattir til að nýta daginn til þess að huga að aðgengi veiðimanna á jörðum sínum en sameiginleg dagskrá verður svona:

Kl. 12. Safnast saman við Brúarás með verkfæri til að laga stíga o.fl. Skipt verður liði og farið yfir merkingar og aðgengi við sem flesta veiðistaði og „plokkað“ rusl.

Kl. 14-17. Áhugasamir veiðimenn hittast hjá Breiðumörk og Guðmundur veiðivörður mun vísa leiðina á veiðistaði þar sem má renna fyrir fiski.

Kl. 17-19. Grill og gleði við veiðihúsið í Hálsakoti. Allir félagar velkomnir hvort sem þeir hafa náð að taka þátt í verkum dagsins eða ekki.

Kynning á fluguveiði og leiðsögn

Eitt af því sem færir fjölskyldum við laxveiðiár tekjur er veiðileiðsögn sem er vel borguð sumarvinna. Stjórn félagsins vill stuðla að því að íbúar á bökkum Jöklu fái tækifæri til að öðlast þá þekkingu og reynslu sem til þarf. Byrjendanámskeið í að kasta flugu var haldið í Brúarási 11. júní sl. og var þátttaka góð. Reynt verður að fylgja því eftir með frekari fræðslu. Þá er þeim sem hafa áhuga á veiðileiðsögn bent á að setja sig í samband við Guðmund veiðivörð til að fá að fylgjast með vönum leiðsögumönnum að störfum í sumar.

Aðgengi veiðistaða og styrkir til landeigenda

Landeigendur hafa víða unnið að slóðagerð til að auðvelda veiðimönnum að komast að veiðistöðum og hefur félagið veitt styrki til slíks með stuðningi frá Fiskræktarsjóði. Veiðifélagið fékk ekki styrk úr Fiskræktarsjóði í ár en stjórn vill samt halda áfram að styrkja landeigendur til slíkra framkvæmda. Á heimasíðu félagsins jokla.org er að finna einfalt eyðublað sem menn eru beðnir um að fylla út og senda til gjaldkera (hallahakonar@gmail.com).

Heimasíðan www.jokla.org

Minnt er áfram á vef veiðifélagsins www.jokla.org. Þar er reynt að hafa á einum stað gögn aðgengileg fyrir félagsmenn og miðla upplýsingum um starfsemi. Erú félagsmenn hvattir til að fara inn á síðuna og smella á „follow“-hnapp neðst á síðunni til að fá tilkynningu í tölvupósti þegar nýjar fréttir eru settar inn.